

1861.
27. ágústm. beiningar, og til þess þér kunngjörð það þeim, er hlut eiga að máli, að eptir öllu því, sem fram er komið um atvik málsins, þykir dómsmálastjórninni ekki vera ástæða til að veita eður útvega endurgjald kostnaðar þess, sem fyr var getið, einkum fyrir þá sök, að menn höfðu tekið upp hjá sjálfum sér að gjöra ráðstafanir þær, er fænu var til varið, sumpart án samþykkis yfirvaldsins, og sumpart eptir að amtmaður með berum orðum var búinn að lýsa því yfir, að þess væri eigi að vænta, að kostnaðurinn yrði endurgoldinn úr jafnaðarsjóði amtsins.

27. ágústm. **50. Bréf dómsmálastjórnarinnar til amtmannsins yfir norður- og austurumdæminu, um auglýsing reikninga.**

Þér hafið herra amtmaður, í bréfi 30. maím. þ. á. spurt um, hvort reikningar sveitarsjóðanna í hverjum hreppi eigi að teljast með þeim reikningum, sem konungsúrskurður 2. marzm. þ. á. býður að auglýstir séu á prenti; svo og hvort birta eigi með reikningum þeim, sem þannig skal auglýsa, fylgiskjöl þeirra, t. a. m. fylgiskjölin við jafnaðarsjóðsreikninga amtsins.

Um þetta er yður það kunngjört, sjálfum yður til leiðbeiningar, að kveða verður nei við báðum þeim spurningum, er þér hafið upp borið.

30. ágústm. **51. Bréf dómsmálastjórnarinnar til stiptamtmannsins yfir Íslandi, um gjaldheimtu af tómthúsum á Arnarhóls lóð.**

Í bréfi 1. marzm. þ. á. hafið þér, herra stiptamtmaður, beðið um, að dómsmálastjórnin skeri úr ágreiningi nokkrum milli yðar og bæjarstjórnarinnar í Reykjavík um það, hvort opið bréf 26. septemberm. 1860, um að leggja skatt á tómthús og óbyggðar lóðir í Reykjavík, geti heimfærzt til tómthúsa þeirra, er séu á jörðinni Arnarhóli, sem fengin er stiptamtmani til afnota.

Um þetta efni er yður hér með kunngjört, að bæði eptir 1861.
 orðum hins opna bréfs og þeim umræðum, sem áður urðu um 30. ágústm.
 lagaboð þetta á alþingi, ber að álíta, að það einnig nái til
 þeirra tómthúsa, sem eru á jörð þeirri, er að ofan er nefnd,
 að svo miklu leyti, sem engu lóðargjaldi hefir verið af þeim
 svarað, áður en lagaboðið kom út.

**52. Bréf dómsmálastjórnarinnar til utanríkisstjórnar- 30. ágústm.
 innar, um vöruskrár og heilbrigðisskýrteini.**

Að undirlagi hins konunglega kaupræðismanns í Liverpool
 hefir utanríkisstjórnin í bréfi 31. f. m. spurt um, hvort enn sé
 nauðsyn á, að kaupræðismenn staðfesti vöruskrár og heilbrigðis-
 skýrteini þeirra skipa, sem ætla að fara til Íslands og Færeyja,
 svo sem fyrir er mælt í 8. grein í lögum 15. apríl. 1854,
 og hvort haldið skuli áfram að heimta borgun þá, sem ákveðin
 er fyrir staðfesting þessa.

Þessu leyfir dómsmálastjórnin sér að svara á þá leið: að
 með því lagaákvörðun sú, sem nú var getið, enn er í gildi,
 þá leiðir beina leið af því, að staðfesting sú, sem hér er um
 rætt, framvegis er nauðsynleg; og þar sem hinn konunglegi
 kaupræðismaður hefir sagt, að ýmsir skipstjórar hafi skýrt hon-
 um frá, að vöruskrárnar séu aldrei heimtaðar af þeim, og heil-
 brigðisskýrteini að eins sjaldan, þá skal þess getið, að vöruskrár
 hafa á ári hverju verið sendar stjórnarráðinu samkvæmt lögum,
 og eru þar á meðal nokkrar, sem hinn konunglegi kaup-
 ræðismaður í Liverpool hefir staðfest.

**53. Bréf dómsmálastjórnarinnar til stiptamtmannsins 30. ágústm.
 og amtmannanna á Íslandi, um vöruskrár og heil-
 brigðisskýrteini.**

Þaræð ráða má af skýrslu, er hingað hefir komið frá utan-
 ríkisstjórninni, að ekki er ætíð heimtað af skipstjórunum vöruskrár